

18. fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) haldinn þann 7. febrúar 2018 á Café Riis, Hólmavík. Fundurinn hófst kl 13.00.

Mætt voru Andrea K Jónsdóttir, formaður, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Indriði Indriðason og Pétur G Markan. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð stjórnarfundar 18. janúar 2018.**
- 2. Fundargerð verkefnahóps 1. febrúar 2018**
- 3. Starfshlutfall verkefnastjóra**
- 4. Skipulagsbreytingar innan BsVest.**
- 5. Fjárhagsáætlun 2018**
- 6. Persónuvernd innleiðing á verkferlum.**
- 7. Önnur mál**

1. Fundargerð stjórnarfundar 18. janúar 2018.

Lögð fram til kynningar fundargerð 18. janúar 2017, en fundargerð hafði áður verið staðfest í tölvupósti en óskast nú staðfest á fundinum. Formaður gerði tillögu um staðfestingu fundargerðar. Tillagan samþykkt. Ingibjörg Birna sat hjá við afgreiðslu málsins þar sem hún sat ekki fundinn

2. Fundargerð verkefnahóps 1. febrúar 2018

Fundargerð verkefnahóps 1. febrúar 2018. Lögð fram til kynningar en bókun verkefnahóps varðandi skipulagsbreytingar hafði áður verið kynnt í tölvupósti.

Sif Huld vék af fundi.

3. Starfshlutfall verkefnastjóra

Tekið upp aftur mál 8. fundar stjórnar þann 23. janúar 2017, um starfshlutfall verkefnastjóra hækki úr 80 % í 100 % og að framkvæmdastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga færist til verkefnastjóra. Fram kom einnig staða FV hefði breyst nú um síðustu áramót með sameiningu starfsemi FV inn í Vestfjarðastofu ses. Nýr framkvæmdastjóri taki nú við starfi Vestfjarðastofu og ekki er gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi í því starfi. Rætt um efni málsins.

Formaður gerði tillögu. *Starfshlutfall verkefnastjóra verði hækkað úr 80 % í 100 % og hún taki við verkefnum núverandi framkvæmdastjóra. Fyrirkomulagið taki gildi þann 1. mars n.k.. Tillagan samþykkt.*

Sif Huld kom til fundar.

4. Skipulagsbreytingar innan BsVest

Lagt fram minnisblað frá verkefnastjóra um skipulagsbreytingar sem feli í sér breytingar á rekstri skrifstofu BsVest. Tillagan gerir ráð fyrir að rekstur skrifstofu BsVest færist úr núverandi húsnæði og inn til eins af skrifstofum sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Verkefnastjóri verði einnig með fasta viðveru á öllum félagsþjónustusvæðum með hliðsjón af umfangi á hverju félagsþjónustusvæði.

Kynnt að Verkefnahópur BsVest hafi á fundi sínum þann 1. febrúar s.l. óskað eftir að fá að ræða nánar efni minnisblaðsins og skila álitni til stjórnar um nánari útfærslu. Verkefnahópur mun koma saman til fundar á Hólmavík þann 13. febrúar n.k..

Rætt um efni máls.

Formaður gerði tillögu um að farið verði í breytingar á starfsemi skrifstofu BsVest á grundvelli minnisblaðs verkefnastjóra. Tillagan samþykkt.

5. Fjárhagsáætlun 2018

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 var afgreidd á stjórnarfundum þann 20. desember s.l. en með eftirfarandi bókun

Fjárhagsáætlun Byggðasamlags Vestfjarða málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2018 er afgreidd með neikvæðri rekstarniðurstöðu að fjárhæð 26,6 mkr. Framkvæmdakostnaður við Pollgötu verði eignfærður og afskrifaður á lengri tíma. Samþykkt þessi er sett fram með fyrirvara um að áætlunin verði endurskoðuð í samráði við endurskoðenda. Endurskoðuð áætlun verði lögð fyrir stjórn eigi síðar en í lok janúar. Stjórn samþykkir einnig að mótuð tillaga að verklagsreglum hvernig haga skuli samráði BsVest og aðildarsveitarfélaga um gerð fjárhagsáætlana m.a. forsendur gjalda og tekjuliða og tímasetningar um upphaf og lok vinnu.

Framkvæmdastjóri kynnti að endurskoðandi legði til að framkvæmdakostnaður yrði færður í heild sinni á árið 2018.

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri lögðu fram rekstaráætlun fyrir árið 2018 og með afkomuspá næstu 3 ár. Áætlunin hafði einnig verið kynnt stjórn í tölvupósti þann 19. janúar s.l.. Áætlunin er unnin á grundvelli rekstarlíkans sem R3 ráðgjöf unnu fyrir BsVest á síðasta ári. Í áætluninni er sundurliðun á stjórnunar, launa og almennum rekstarkostnaði á hverri þjónustueiningu félagsþjónustusvæðanna. Líkanið mun auðvelda gerð fjárhagsáætlana BsVest í samstarfi við félagsþjónustusvæðin.

Formaður gerði tillögu. Stjórn BsVest samþykkir að framkvæmdakostnaður við Pollgötu, Ísafirði verði færður í heild sinni, rekstarniðurstæða fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 verði því neikvæð um 41,6 mkr. Tillagan samþykkt.

6. Persónuvernd innleiðing á verkferlum.

Verkefnastjóri kynnti tilboð frá Dattaca Labs um greiningu á vinnsluáferðum og skráningu á nauðsynlegum upplýsingum vegna innleiðingar nýrrar persónuverndarlaga. Indriði kynnti innleiðingu þessarar mála hjá Tálknafjarðarhreppi. Formaður gerði tillögu um að tilboði Dattaca Labs verði tekið. Tillagan samþykkt.

7. Önnur mál

- a. Fundur framkvæmdastjóra/- oddvita aðildarsveitarfélaga BsVest.
Samþykkt að boða til fundar framkvæmdastjóra/ - oddvita aðildarsveitarfélaga BsVest þann 27. febrúar n.k. í Súðavík. Dagskrá framkvæmdastjórar fundarins verði sem hér segir.
 - a. Fjárhagsáætlun 2018.
 - b. Breyting á rekstri skrifstofu BsVest
 - c. Hugmynd að breyttu fyrirkomulagi BsVest - Vistun skrifstofu BsVest hjá Ísafjarðarbæ.
 - d. Boðun aðalfundar BsVest.
- b. Fyrirkomulag og greiðslur fyrir stjórnarfundum.
Rætt um efni máls og samþykkt að víkja ekki frá samþykkt aðalfundar um greiðslu stjórnarlauna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.